

Nd. **106. Frumvarp til laga** [83. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reyðarfjarðarhreppi jörðina Kollaleiru.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Jónas Pétursson,
Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Reyðarfjarðarhreppi jörðina Kollaleiru í Reyðarfjarðarhreppi. Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Reyðarfjarðarkauptún er í örum vexti. Kauptúnið er að miklu leyti byggt í landi Kollaleiru, en það er ríkisjörð.

Augljóst er, að kauptúnið mun enn vaxa mjög í landi Kollaleiru og í landi þeirrar jarðar verða aðalathafnasvæði staðarins. Eðlilegast er, að Reyðarfjarðarhreppur eignist jörðina Kollaleiru og fái þannig umráð þess lands, sem framtíð staðarins er að verulegu leyti bundin við.

Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps hefur einróma farið þess á leit að fá Kollaleiru keypta.